

AUGLÝSING

um breytingar á hverfisSKIPULAGI og deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Breiðholt, hverfi 6.2 Seljahverfi – Öldusel 17.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, 25. janúar 2024, tillögu að breytingu á hverfisSKIPULAGI Breiðholts, hverfi 6.2 Seljahverfi, vegna lóðarinnar nr. 17 við Öldusel, Ölduselsskóli. Í breytingunni felst að skilgreindur er byggingarreitur á lóð fyrir tímabundnar færanlegar byggingareiningar, hentugar fyrir 10 deilda leikskólastarfsemi. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 5. mgr. 37. gr., sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Breiðholt, hverfi 6.1 Neðra-Breiðholt.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarstjórn Reykjavíkur, 17. september 2024, tillögu að breytingu á hverfisSKIPULAGI Breiðholts, hverfi 6.1 Neðra-Breiðholt. Í breytingunni sem lögð er til felst að skipulagsmörkum þróunarreits 6.1.6.Þ er breytt til þess að ná utan um leikskóla-lóð við Arnarbakka 4. Skilmálaeining 6.1.1. ÍB mun minnka, þar sem grænt svæði sem tilheyrir skilmálaeiningunni verður felld inn í þróunarreit 6.1.6.Þ. Eftir að uppbyggingu á svæðinu er lokið, samkvæmt nýju deiliskipulagi, er gert ráð fyrir að skipulagið verði felld inn í hverfisSKIPULAG Neðra-Breiðholts og fái skilmálaeiningarnúmerið 6.1.6. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 5. mgr. 37. gr., sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Breiðholt I – Arnarbakki 2-6, 8 og 10.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarstjórn Reykjavíkur, 17. september 2024, tillögu að breytingu á deiliskipulagi Breiðholts I vegna lóðanna nr. 2-6, 8 og 10 við Arnarbakka. Í breytingunni felst að heimilt verði að koma fyrir leikskóla á jarðhæð húss á lóð nr. 4, stækka lóð og auka byggingarmagn. Færa á íbúðarlóð nr. 6 innan svæðisins og breyta henni í lóð nr. 10. Lóð nr. 6 verður leikskólalóð og heimilt verður að reisa á henni útileikstofu. Stúdentaíbúðum í húsum nr. 2 og 4 og íbúðum í húsi nr. 10 (áður nr. 6) verður fjölgað og þakformum húsa nr. 2, 4 og 10 verður breytt. Sameiginleg lóð verður gerð fyrir bílastæði á svæðinu og fylgilóð verður gerð fyrir djúpgáma ásamt því að byggingarreitur verður gerður fyrir hjóla- og sorpgeymslur. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Kvosin – Suðurgata 3.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 4. júlí 2024, breytingu á deiliskipulagi Kvosarinnar vegna lóðarinnar nr. 3 við Suðurgötu. Í breytingunni felst breyting á byggingarmagni og aukning á nýtingarhlutfalli lóðar, hækkun byggingar um eina rishæð auk leyfis fyrir garðskála á þaksvölum. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Fossvogshverfi – Stjörnugróf 7-11 – Bjarkarás.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 31. október 2024, breytingu á deiliskipulagi Fossvogshverfis vegna lóðar Bjarkaráss að Stjörnugróf 9, lóð nr. 7-11 við Stjörnugróf. Í breytingunni felst að byggingarreitur er færður til, stækkaður og hafður rúmur. Bætt er við byggingarheimildum fyrir kaffihúsi og pökkunaraðstöðu í tengslum við gróðurhúsið. Aðkoma verður að kaffi- og gróðurhúsi um innkeyrslu norðanmegin hússins en einnig verður aðgengi fyrir gangandi og hjólandi að austanverðu um göngu- og hjólastíg. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Sundin – Dyngjuvegur 18, Leikskólinn Sunnuborg.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, 13. nóvember 2024, breytingu á deiliskipulagi Sundanna vegna lóðarinnar nr. 18 við Dyngjuveg. Í breytingunni felst að afmörkun deiliskipulags Sunda stækkar til suðvestur á mörkum 1., 2. og 3. hluta, þar sem lóðin að Dyngjuvegi 18 er felld að deiliskipulaginu Sundin, stækkun á byggingarreit og hækkun húss ásamt því að heimila kennslustofur tímabundið á lóðinni og niðurrif á lóð Laugarásvegar 77. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Ofanleiti 1 og 2 – Ofanleiti 2.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 14. nóvember 2024, breytingu á skilmálum deiliskipulags Ofanleitis 1 og 2 vegna lóðarinnar nr. 2 við Ofanleiti. Í breytingunni felst að heimilt verði að setja upp allt að 43 m² stafrænt þjónustuskilti á vesturgafli hússins, þeirri hlið sem snýr að Kringlumýrarbraut. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 21. nóvember 2024.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfudagur: 22. nóvember 2024